

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Ártúnshöfði eystri.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 25. júní 2020, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða eystri vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstaðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 3 smáhýsum á nýrri lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bykoreitur, reitur 1.138 - Sólvallagata 77/Hringbraut 116.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 12. mars 2020, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bykoreits vegna Sólvallagötu 77/Hringbraut 116. Í breytingunni felst hækkun á hámarksfjölda íbúða úr 70 íbúðum í 84, inn- og útkeyrsla í bílakjallara verður heimilud frá Hringbraut en engin útkeyrsla verður við Sólvallagötu og svalir megi ná út fyrir lóðarmörk byggingar sem stendur við Hringbraut. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Gufunes.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 1. júlí 2020, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Gufunes vegna reita A1.5 og A1.6, Gufunesvegur 34 og Þengilsbás 1. Í breytingunni felst að byggingarmagnstölur eru uppfærðar vegna villu í deiliskipulagsgögnum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Norðurbrún 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 1. júlí 2020, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Norðurbrúnar vegna lóðarinnar nr. 2 við Norðurbrún. Í breytingunni felst að heimilt verði að gera þrjár íbúðir á 1. hæð í stað tveggja, fjöldi íbúða verður óbreyttur en skipt öðruvísi á hæðir ásamt því að leyfilegur gólfkóti verður skilgreindur nánar. Tillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Mýrargata 26.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 10. júní 2020, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Slippa- og Ellingsenreits vegna lóðarinnar nr. 26 við Mýrargötu. Í breytingunni felst að heimila aukið byggingarmagn. Hámarksbyggingarmagn verður 9.750 m² eftir breytingu, þar af 9.350 m² A rými og 400 m² B rými. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 24. ágúst 2020.

Björn Axelsson.